

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/44/22

frá 3. maí 2005

um reglur um eftirlit með því að aðildarríki fari að ákvæðum og um gagnasnið að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 1355)

(2005/369/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang⁽¹⁾, einkum annarri undирgrein 3. mgr. 7. gr. og þriðju undирgrein 1. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftifarandi:

- 1) Til að gögn frá aðildarríkjunum verði samanburðarhæf skal samhæfa útreikninga á því hvort markmiðum í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/96/EB hefur verið náð.
- 2) Til að koma á jafnvægi milli hættunnar á ónákvæmni og álags stjórnsýslunnar við öflun nákvæmra upplýsinga er aðildarríkjum heimilt að styðjast við mat til að ákvarða það magn efna og efnispáttá í raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem er endurnýtt, endurnotað eða endurunnið.
- 3) Samkvæmt 5. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/96/EB getur meðhöndlunin einnig átt sér stað utan viðkomandi aðildarríkis eða Bandalagsins, að því tilskildu að flutningur úrgangs sé í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu⁽²⁾. Aðildarríkjum, sem senda raf- og rafeindabúnaðarúrgang til meðhöndlunar í öðrum aðildarríkjum eða flytja slíkan úrgang til meðhöndlunar í þriðju löndum, skal vera heimilt að taka með útflutta magnið þegar reiknað er hvort markmiðin, sem koma fram í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/96/EB, hafi náðst, að því tilskildu að aðildarríkið, sem flytur úrganginn út, hafi safnað honum.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE⁽³⁾.

SAMPÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríki skulu leggja fram þau gögn sem krafist er í 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2002/96/EB og nota til þess gagnasniðin sem sett eru fram í töflu 1 í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

1. Aðildarríki skulu sýna fram á að þau uppfylli endurnýtingar-, endurnotkunar- og endurvinnsluhlutföllin sem sett eru fram í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/96/EB með því að fylla út töflu 2 í viðaukanum við þessa ákvörðun. Þegar taflan er fyllt út er aðildarríkjum heimilt að styðjast við mat á meðalhundraðshluta endurnotaðra, enduruninnra og endurnýttra efna, s.s. málma, glers og plasts, og efnispáttá raf- og rafeindabúnaðarúrgangs.

2. Ef raf- og rafeindabúnaðarúrgangur er sendur til meðhöndlunar í þriðja landi, eða sendur til meðhöndlunar í öðru aðildarríki í samræmi við 5. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/96/EB, er einungis aðildarríkinu, sem safnaði úrganginum og flutti hann út, heimilt að taka hann með þegar reiknað er hvort markmiðin, sem sett eru fram í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar, hafi náðst.

3. Aðildarríki skulu ákvarða hvort skrifleg gögn eru nauðsynleg til viðbótar þeiri sönnun sem krafist er í annarri undirkrein 5. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/96/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórd. ESB L 119, 11.5.2005, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 30.3.2006, bls. 20.

(¹) Stjórd. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2003/108/EB (Stjórd. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 106).

(²) Stjórd. ESB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 (Stjórd. ESB L 349, 31.12.2001, bls. 1).

(³) Stjórd. ESB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjórd. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

3. gr.

Þegar aðildarríki senda framkvæmdastjórninni töflur 1 og 2 í viðaukanum skulu þau leggja fram ítarlega lýsingu á því hvernig gögnunum hefur verið safnað ásamt útskýringum á því mati og þeim aðferðum sem voru notuð.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. maí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Tafla 1

Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem er safnað og fluttur út (5. og 12. gr. tilskipunar 2002/96/EB)

Dálkur nr.	1	2	3	4	5	6	7
Vöruflokkur	Sett á markað	Safnað frá einkaheimilum	Safnað frá öðrum stöðum en einkaheimilum	Samtals raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem safnað er	Meðhöndlað í aðildarríki	Meðhöndlað í öðru aðildarríki	Meðhöndlað utan EB
	Heildarþyngd (¹) Í tonnum	Heildarþyngd í tonnum	Heildarþyngd í tonnum	Heildarþyngd í tonnum	Heildarþyngd í tonnum	Heildarþyngd í tonnum	Heildarþyngd í tonnum
1. Stór heimilistæki							
2. Lítill heimilistæki							
3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður							
4. Neytendabúnaður							
5. Ljósabúnaður 5a. Gasúrhleðslulampar							
6. Raf- og rafeindatæki							
7. Leikföng, tómstunda-, íþrótt- og útvistarbúnaður							
8. Lækningatæki							
9. Vöktunar- og eftirlitstæki							
10. Sjálfsalar							

(¹) Tilgreinið fjöldi ef þyngdin liggur ekki fyrir.

Tafla 2

Endurnýting, endurvinnsla og endurnotkun, markmið (2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/96/EB)

Dálkur nr.	1	2	3	4	5
Vöruflokkur	Endurnýting	Endurnýtingarhlutfall	Endurnotkun og endurvinnsla	Endurnotkunar- og endurvinnsluhlutfall	Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur endurnotaður sem heil tæki
	Heildarþyngd (¹) í tonnum	%	Heildarþyngd í tonnum	%	Heildarþyngd í tonnum
1. Stór heimilistæki					
2. Lítill heimilistæki					
3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður					
4. Neytendabúnaður					
5. Ljósabúnaður					
5a. Gasúrhleðslulampar	á ekki við	á ekki við			
6. Raf- og rafeindatæki					
7. Leikföng, tómstunda-, íþrótt- og útvistarbúnaður					
8. Lækningatæki					
9. Vöktunar- og eftirlitstæki					
10. Sjálfssalar					

Ath.: Útfylling skyggðu reitanna er valfrjáls.

(¹) Tilgreinið fjöldi ef þyngdin liggur ekki fyrir.